

# Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 15. nóvember 2024.

Mál nr. S-88/2024:

## Héraðssaksóknari

(Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson aðstoðarsaksóknari)

## gegn

## Hlyni Inga Bragasyni

(Ólafur V. Thordersen lögmaður)

## Dómur

### I.

Mál þetta sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð hinn 30. september 2024 var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 1. febrúar sama ár, á hendur Hlyni Inga Bragasyni, [...]

fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 2022, við Ráðhús Árborgar við Austurveg 2, Selfossi, A, að minnsta kosti einu sinni í höfuðið með hellusteinum sem vó samtals 2830 g með þeim afleiðingum að A hlaut nefbrot, blæðingu undir húð og sár á enni, skurð á vinstra eyra, bólgu undir vinstra auga og blæðingu í auga vinstra megin.

Í ákæru er brotið talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.121.832, auk vaxta af kr. 800.000 samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. ágúst 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga af kr. 1.121.832 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er jafnframt

krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun komi til flutnings málsins þar.

Málið var þingfest hinn 14. mars 2024 og mætti ákærði ásamt Ólafi Viggó Thordersen lögmanni sem skipaður var verjandi ákærða að hans ósk. Þá mætti Óskar Sigurðsson lögmaður vegna fram kominnar bótakröfu. Við þingfestinguna neitaði ákærði sök og hafnaði bótakröfunni.

Ákærvaldið gerir þær kröfur sem að framan greinir. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er krafist þóknunar til handa verjanda ákærða úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að framkominni bótakröfu verði vísað frá dómi, en til var að ákærði verði sýknaður af henni og til þrautavara að hún verði lækkuð.

Aðalmeðferð málsins fór fram 30. september 2024 og var málið tekið til dóms að henni lokinni.

## II.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra tilkynnt um tvo menn að slást fyrir framan Ráðhús Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi. Fram hafi komið í tilkynningunni að annar maðurinn væri með stein í hendi. Tveir lögreglumenn hafi verið sendir á vettvang. Norðan megin Ráðhússins hafi sést maður í bláum gallabuxum og hvítum bol, en andlit hans hafi verið þakið blóði og blóð einnig á fötum hans. Hann hafi verið með svartan jakka sem einnig hafi sést blóð á. Maðurinn hafi reynst vera A og með honum B. Hafi sést blóðkám á vegg Ráðhússins og múrsteinn þar við á jörðinni. B og A hafi sagt árásarmanninn hafa notað múrstein við ársásina. A hafi verið með áverka á enni og blæðing virst koma frá nefi hans og munni. Hafi verið óskað eftir sjúkrabifreið með forgangi vegna A. Í skýrslunni greinir frá því að A og B hafi lýst árásarmanninum. Hafi hann verið í stórum gallajakka með snoðað hár eða sköllóttur. Þr hafi sagt manninn hafa verið „tættan“, en þau gátu ekki lýst honum nánar. Á vettvangi var haft eftir A um atvik, en hann hafi verið sjáanlega ölvaður og orðið æstur og reiður vegna árásarinnar inn á milli er við hann hafi verið rætt. Hann hafi verið þvoglumæltur og jafnvægi óstöðugt. Hafi hann sagst hafa verið með B, vinkonu sinni, að reyna að fá leigubíl og þau hafi ætlað að nýta sömu ferð til að komast heim til sín á C og D

Ókunnugur maður hafi orðið ósáttur við að B ætlaði í leigubíl með honum. Hafi A sagt manninn hafa slegið sig andlitið með múrsteini. Nánar aðspurður um árásina hafi A sagst hafa lent á jörðinni á einhverjum tímamarki og að maðurinn hafi slegið hann þar með sama múrsteini. Er í skýrslu lögreglu sagt að A hafi nokkrum sinnum sagt manninn hafa slegið sig með múrsteininum tvisvar eða þrisvar beint í andlitið. Sjálfur hafi hann ekki haft krafta til að slá til baka en þó reynt að verja sig. Hafi A sagt manninn hafa hlaupið í burtu strax eftir árásina og farið í átt að Miðgarði við Austurveg 4 á Selfossi. Aðspurður hafi A aldrei hafa séð manninn áður. Er í lögregluskýrslu fært að A hafi sagt nokkrum sinnum frá sömu hlutunum og nokkuð gengið illa að fá framburð hans sökum ölvunar, en hann hafi blásið í mæli. Hafi A síðan verið fluttur á sjúkrahús til aðhlyningar en læknir sagst hafa áform um að taka af honum röntgenmynd undir morgun til að athuga með beinbrot.

Á vettvangi hafi lögregla rætt við B, sem hafi verið undir áhrifum áfengis en getað gefið greinilegri framburð en A. Þar hafi komið fram að hún hafi verið að ganga með A, vini sínum, í leit að leigubíl til heimferðar. Þau hafi gengið fram hjá ókunnugum manni sem hafi setið á jörðinni, en svo hafi hann komið til þeirra, sagt „látið hana í friði“ og greinilega haldið að A væri að elta og ónáða B. Maðurinn hafi að sögn B ekki hlustað á sig. B hafi ekki greint frá hvað hún hafi sjálf sagt við manninn. Í skýrslu lögreglu er haft eftir B að hún hafi séð manninn taka upp múrstein og slá honum í höfuð A. A hafi fallið til jarðar og maðurinn haldið áfram að ráðast á A liggjandi. A hafi reynt að berjast á móti þangað til árásarmaðurinn hafi hlaupið í burt í átt að Miðgarði. B hafi sagst sannfærð um að maðurinn væri sitjandi skammt frá, en aðspurð hafi hún sagt manninn þeim ókunnugur.

Í frumskýrslunni kemur fram að lögreglumenn hafi leitað árásarmannsins og fengið vísbendingar hjá nærstöddu fólki. Hjá Sigtúnsgarði hafi lögreglumenn séð mann sem lýsing vitna á klæðnaði hafi getað passað við. Hafi maðurinn reynst vera ákærði. Er í skýrslu lögreglu haft eftir ákærða að hann hafi setið fyrir framan Ráðhúsið og verið að bíða eftir leigubíl. Hafi hann séð mann, sem litið hafi út fyrir að vera eldri en hann sjálfur, á gangi með ungri stúlku. Hún hafi beðið manninn að láta sig í friði og „hætta“. Ákærði hafi þá sagt manninum að láta stúlkuna í friði og því næst rotað hann. Verið gæti að hann hefði tekið upp stein og rokið að honum með steininn. Maðurinn hafi þá náð að taka sig

niður og taldi hann manninn hafa slegið sig með steininum. Ákærði hafi þá sagst hafa staðið upp, snúið manninn niður og hafi ákærði sagt við lögreglu „bara bugh“ og gefið í skyn að hann hafi lamið manninn. Aðspurður hafi ákærði ekki þekkt fólkið, en talið manninn 5-10 cm lægri en hann sjálfan og lýst manninum frekar. Stúlkuna hafi ákærði kveðið hafa hringt eftir aðstoð. Segir í skýrslu lögreglu að ákærða hafi verið kynnt að hann væri handtekinn, grunaðan um líkamsárás og með réttarstöðu sakbornings. Ákærði hafi skilið það en sagt sig sjálfan hafa orðið fyrir árás og að handtaka ætti hinn manninn. Hafi ákærði verið fluttur á lögreglustöðina á Selfossi þar sem hann hafi blásið intoximetermæli og hlúð hafi verið að sárum hans. Einnig hafi verið dregið blóð úr ákærða í þágu rannsóknar máls. Hafi málið verið frekar rannsakað, myndir teknar og múrsteinninn haldlagður.

Ákærði gaf skýrslu á lögreglustöð þann 7. ágúst 2022 eftir dvöl í fangageymslu. Var hann inntur eftir afstöðu til þess hvort hann hefði slegið mann í höfuð við Ráðhúsið á Selfossi undir morgun þennan dag. Kvaðst ákærði bera við minnisleysi um atvik næturinnar og hann myndi ekki eftir þess konar háttsemi af sinni hendi. Var honum kynntur framburður sem eftir honum væri hafður í frumskýrslu lögreglu. Kvað hann rétt eftir sér haft að hafa setið við Ráðhúsið að bíða eftir leigubíl þegar maður hafi komið gangandi ásamt ungri stúlku og að hún hafi beðið manninn að láta sig í friði. Var einnig borið undir ákærða að hann hefði sagt manninum að láta stúlkuna í friði og hætta og að ákærði hafi rotað manninn, en ákærði kvaðst ekki muna eftir þessu. Borið var undir ákærða að hann hafi sagt það geta verið að hann hefði rokið að manninum með stein og maðurinn þá náð honum niður og hann hafi haldið að maðurinn hafi þá slegið ákærða með steininum. Einnig að hann hefði lamið manninn. Bar ákærði við minnisleysi um þennan framburð. Ákærða var kynnt að sjónarvottur hefði séð hann veitast að manninum og séð ákærða slá hann en ákærði kvaðst ekki muna eftir því. Í skýrslutöku kvaðst ákærði hafa verið einn á ferð og mjög ölvaður eftir að hafa drukkið 9 sterka bjóra og 6-10 skot. Kvaðst ákærði ekki geta upplýst hvernig hann hafi hlotið áverka sem hann bar í andliti.

A gaf skýrslu á lögreglustöð 30. ágúst 2022 vegna líkamsárásar sem hann hefði orðið fyrir 7. sama mánaðar. Kvaðst hann þá hafa verið að rölja með B en þau væru kunningjar. Hafi hann verið nokkuð ölvaður umrætt sinn. Árásarmaðurinn hafi sagt eitthvað og A ekki vitað fyrr en hann hafi orðið fyrir höggum. Sagði hann manninn hafa kallað eitthvað,

hvort hann væri að áreita B. Þau hafi ekki átt í samskiptum við árásarmanninn. A var kynnt að sá sem kynni að hafa ráðist á hafi verið með nokkra áverka í andliti. Spurður um hvort komið hefði til átaka þeirra í milli kvað A manninn hafa ráðist á sig, hann varist og náð árásarmanninum undir. Þetta hafi verið hnoð. Kvaðst A ekki geta gert sér grein fyrir því hversu lengi átökin vörðu. Svo hafi þeim lokið og árásarmaðurinn haft sig á brott. Kvaðst A ekki þekkja hann og þeir hafi ekki verið í samskiptum fyrir eða eftir árásina. Árásin hafi átt sér stað framan við Ráðhúsið en A hafi verið að koma úr hvíta tjaldinu. A kvað árásarmanninn hafa verið með einhvern stein og taldi steininum hafa verið beitt í atlögunni að honum. Atburðurinn væri þó frekar í móðu. Kvaðst hann vera auman í nefi og verið aumur í nokkra daga á eftir. Hann ætti enn við öndunarerfiðleika að stríða eins og hann væri stíflaður í nefi en nefið sæti þó rétt.

Fyrir liggur skýrsla lögreglu um símtal við ákærða. Er þar haft eftir ákærða að hann hefði ekki í hyggju að tjá sig frekar um málið þar sem hann myndi ekki eftir atvikum nú frekar en hann hefði greint frá við skýrslutöku 7. ágúst 2022. Vildi hann gera kröfu um að þeim sem gerst hefði brotlegur gagnvart honum yrði refsað að lögum og áskildi sér rétt til að leggja fram bótakröfu. Hann hafi ekki sagst hafa útlitslýti eftir atvikið.

Skýrsla var tekin af B símleiðis frá lögreglustöð þann 2. febrúar 2023. Kvað hún þau A vera kunningja í gegnum sameiginlega vini. Þau hafi verið á hátíðinni Sumar á Selfossi og gengið frá tjaldinu. Á leið þeirra að Ráðhúsinu hafi ákærði setið við húsvegg og spurt hana hvort A væri að angra hana. Hafi hún svarað því neitandi. Ákærði hafi þá komið á eftir þeim, verið ógnandi í fasi og haldið á múrsteini. A hafi spurt hvort hann væri með stein í hendi og spurt hvort hann ætlaði að lemja sig. Ákærði hafi slegið A með steininum í höfuð, við gagnauga öðru hvoru megin að hún hafi talið. Við þetta hafi A fallið við og handalögmál orðið á milli þeirra. B hafi talið að ákærði hafi slegið A í andlit með höndum. A hafi reynt að verja sig. Hún hafi ekki séð A beita steininum gegn ákærða. Hafi hún haft samband við Neyðarlínu og ákærði þá haft sig á brott. Ekki hafi hún þekkt ákærða. Fram kom að B hefði verið undir áhrifum áfengis en hressa. Þá var B kynntur framburður hennar sem eftir henni hafi verið hafður í frumskýrslu lögreglu.

Í málinu liggja fyrir myndir af vettvangi og brotþola skömmu eftir að lögregla kom á vettvang. Eru einnig myndir af brotþola og ákærða er sýna áverka á þeim báðum.

Myndir eru af hellusteini 2830 grömm að þyngd, 19 cm að lengd, 11 cm að breidd og 6 cm að þykkt. Í læknisvottorði segir að A hafi leitað á bráðamóttökuna á Selfossi en í lýsingum bráðasjúkraskrár sé haft eftir honum að hann hafi verið sleginn í andlitið þrisvar til fjórum sinnum og hafi gefið greinagóða lýsingu á atburðum. Hann hafi neitað áverkum annars staðar en á höfði og lýsi höfuðverk. Um skoðun er sagt að á enni sjáist kúla/blæðing undir húð um 2x2 cm að stærð og litlu sári þar lýst. Undir vinstra auga sjáist mikil bólga og blæðing miðlægt í auga. Augntóftir þreifaðar en ekki greinileg merki um brot. Nefblæðingu lýst en ekki augljós skekkja á nefi. Á vinstra eyra sé lítill skurður.

### III.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu ákærði, A, brotapolí, B og lögreglumenn nr. 2027, nr. 2447 (áður h1671), nr. 2209 og nr. h1677. Þá gáfu skýrslu lækarnir E og F.

Í skýrslu ákærða fyrir dómi kvaðst hann ekki muna mikið eftir atvikinu, en hann hefði lent í átökum við mann. Hafi það komið til þannig að maður hefði verið að brjóta á stúlku og hún beðið hann ítrekað að láta sig í friði. Þetta hafi hann heyrt í langan tíma og það hafi orðið til þess að ákærði hafi skipt sér af, en hann hafi ekki þekkt fólkið. Hann hafi verið við horn hússins fyrir framan við bókasafnið en skilja verður framburð ákærða þannig að átt sé við Ráðhúsið við Austurveg á Selfossi. Kvaðst ákærði hafa verið ofurölvi umrætt sinn. Spurður um hvort ákærði hefði slegið manninn í höfuð með hellusteini, kvaðst hann aldrei hafa gert það. Hann hafi staðið upp, gengið til fólksins átt orðaskipti og síðan hafi komið til átaka. Hann hafi verið að reyna að koma manninum frá stúlkunni, maðurinn hafi þá ögrað sér og ákærði hafi þá slegið hann. Maðurinn hafi verið „agressivur“ gagnvart ákærða og ákærði trúlegast einnig gagnvart honum. Þeir hafi tuskast, ákærði orðið blóðugur með skurði, en ákærði hefði ekki orðið var við áverka á manninum. Átökunum hafi svo lokið og ákærði komið sér heim. Nánar aðspurður um átökin kvaðst ákærði hafa tekið upp hellustein þar sem maðurinn hafi verið töluvert breiðari ákærði, en síðan sleppt honum áður en til átakanna hafi komið. Steininn hafi hann tekið upp meðan þeir áttu í orðaskiptum en kvaðst muna að hafa sleppt honum áður en þeir tókust á. Hvor hafi orðið fyrri til að slá kvaðst ákærði ekki viss. Spurður út í hvort rétt væri eftir honum haft í frumskýrslu lögreglu að hann hafi beðið manninn um að láta stelpuna í friði og svo rotað hann, neitaði ákærði því. Varðandi steininn kvaðst ákærði hafa ögrað með steininum en ekki slegið með honum. Ákærði mundi ekki eftir því að

stúlkan hefði sagt við hann að maðurinn væri ekki að angra sig. Um þann framburð hennar að ákærði hefði beitt steininum kvað hann það ekki passa. Um framburð á vettvangi kvaðst ákærði annars ekki muna hvað hann hafi sagt við lögreglumenn og kannaðist við að hafa borið við minnisleysi í skýrslu hjá lögreglu. Ákærði gat ekki gefið skýringar á áverkum brotþola á myndum, en minnti að maðurinn hefði tekið upp hellustein og slegið sig. Hann ræki ekki minni til að hafa séð áverka á brotþola eða séð hann blóðugan.

Í skýrslu A, brotþola, kom fram að hann hafi verið að skemmta sér og maður allt í einu ráðist á sig. B hafi verið með honum í för en og þau verið að labba frá tjaldi þar sem hátíð var. Spurður um samband þeirra kvað brotþoli þau ekki vera í sambandi, heldur bara vini sem voru að leita eftir leigubíl til að verða samferða heim, hún á D og hann á C. Lýsti brotþoli atburðum þannig að hann hafi bara fengið högg á sig og farið að verjast. Hann hafi ekkert þekkt ákærða. Brotþoli kvaðst geta verið að skipts hefði verið á orðum en mundi ekki hvað hafi verið sagt. Aðspurður kvaðst brotþoli ekki telja framkomu sína gagnvart B hafa verið þannig að tilefni væri til afskipta, þau hafi bara verið að spjalla saman og ætlað að taka leigubíl. Ákærði hefði ráðist á sig fyrirvaralaust. Spurður um hvort hann hefði verið með vopn eða áhald, spurði brotþoli á móti hvort hann hefði ekki verið með stein – hann hefði bara fengið högg og kom fram að þetta hefði gerst fljótt þannig að hann myndi ekki eftir upptökunum. Spurður um hvort hann myndi eftir að ákærði hefði verið með stein eða ekki kvaðst hann ekki viss, „... nei, ekki þannig“. Viðbrögð brotþola hefðu verið þau að verja sig en ekki áttað sig á hvort hann væri í hættu. Hann hefði ekki beitt vopni eða áhaldi. Ákærði hefði svo hlaupið í burtu og brotþoli farið á heilsugæslu og lýsti áverkum, rifnu eyra, glóðarauga og brotnu nefi. Hvort högg á höfuðið gæti haft áhrif á hvernig hann myndi atburði kvað brotþoli svo geta verið. Hvernig hann hefði varið sig nefndi brotþoli eitthvað hnoð, hann gæti hafa slegið til ákærða og minnti brotþoli að hann hefði legið undir meðan þeir voru báðir á jörðinni. Aðspurður kvaðst brotþoli ekki muna þegar borið var undir hann eftir ákærða að þau B hefðu verið að rífast í góðan tíma. Um framburð ákærða á þá lund að hann hefði tekið upp hellustein en sleppt honum áður en til átaka hafi komið kvaðst brotþoli muna eftir hellusteini eftir á, hann hafi legið þarna. Mundi brotþoli hins vegar ekki eftir hvað hann hefði sagt er borið var undir hann það sem eftir honum hafi verið haft. Spurður út í áverka sína kvaðst brotþoli þá ekki angra sig lengur en staðfesti í skýrslu hjá lögreglu

um að áhrif hefðu komið fram við öndun. Eftir atburðinn hafi hann haldið sig til hlés og ekki farið úr út húsi meðan mestu glóðaraugun voru að ganga til baka.

Fyrir dómi bar B um að hún hafi komið labbandi af hátíðinni Sumar á Selfossi ásamt A, brotapolu, og þau verið við Ráðhúsið. Þau hafi verið fyrir framan húsið og maður, ákærði, setið upp við vegg og síðan komið á eftir þeim. Hann hafi kallað á brotapolu að láta hana vera, en hún hafi sagt ekkert í gangi og að ákærði þyrfti ekki að hafa áhyggjur. Brotapoli hafi svo snúið sér að ákærða og spurt hann hvort hann væri með múrstein. Síðan hafi hún séð manninn slá brotapolu með steininum. Brotapoli hafi fallið í jörðina og hún hringt á Neyðarlínuna. Nánar aðspurð lýsti vitnið því þannig að brotapoli hafi labbað að ákærða til að reyna að ræða við hann og þá séð múrstein og spurt hvort hann væri með múrstein. Hún hafi þá bakkað til að hringja og fljótlega eftir það „nær hann höggi á hann með múrsteininum“. Hún hafi ekki séð brotapolu slá heldur bara verja sig með ákærða þá ofan á klovvega. Vitnið gat ekki séð hvort hann var ennþá með múrsteininn. Ákærði hafi síðan fljótlega hlaupið í burtu og þá komið sjúkrabíll. Um aðdragandann nefndi vitnið að ákærði hafi ekki hlustað á hana um að það væri ekkert að þegar hann hafi kallað með orðunum láttu hana vera eða eitthvað á þá leið. Hún hafi ekki náð sambandi við hann og hann ekki meðtekið að brotapoli væri ekkert að angra sig. Um ölvun ákærða líkti vitnið því við að hann hefði ekki verið „viðstaddur“. Hún hafi drukkið en taldi að hún hefði verið með skýra hugsun. Brotapoli hafi verið drukkin en samt skýr og þau átt í eðlilegum samskiptum. Brotapoli hafi bara reynt að verja sig en hún hafi séð að honum hafi verið brugðið er hann hafi séð ákærða með múrsteininn. Um hvernig brotapoli hafi brugðist við kvað vitnið hann hafa fallið á jörðina og eitthvað reynt að verja sig en ákærði verið ofan á. Hún hafi ekki séð brotapolu beita ofbeldi og ekki séð hann beita þessum steini. Nánar aðspurð kvaðst B hafa séð þegar ákærði hafi slegið brotapolu með múrsteininum og þá hringt í Neyðarlínuna. Vissi hún ekki hvort hann hefði kýlt áfram en séð hann nota hendurnar áður en hann hafi stokkið upp og hlaupið í burtu. Vitnið gat þó ekki lýst nákvæmlega hvar ákærði hefði slegið með múrsteininum. Aðspurð kvaðst hún hafa staðið um 4-5 metrum frá þegar hún hafi séð slegið með múrsteininum og séð að brotapoli hafi strax fallið í jörðina við höggið. Vitnið staðfesti að hún væri sú sem talaði í símtalinu við Neyðarlínu og lögreglu er upptaka af samtalinu var spiluð.

B kvaðst þekkja brotþola sem kunningja og þau hafi ætlað að taka leigubíl enda á sömu leið. Hún kvaðst ekki þekkja ákærða en síðan áttað sig á að hann byggi á D. Kvað vitnið ekki rétt að brotþoli og hún hafi verið að rifast og sagt brotþola að láta sig í friði. Þau hafi bara gengið fram hjá ákærða og ekki verið að rifast, sennilega að spjalla saman. Minntist vitnið þess þó að brotþoli hefði sett höndina yfir en ekkert meira og hún hefði ýtt frá, en hann hafi verið drukknari en hún.

Lögreglumaður nr. 2027 staðfesti að hafa ritað frumskýrslu og vitnaði í skýrslu sinni fyrir dómi til hennar. Vitnið hafi komið ásamt öðrum lögreglumanni og rætt við brotþola og vitni sem verið hafi með honum. Þau hafi bæði verið sjáanlega ölvuð og hann mjög slasaður. Áverkar hafi verið í andliti og blóð þar. Ekki hafi verið mikið rætt við hann fyrst á vettvangi. Konan hafi borið merki um áfengisneyslu en skýr. Um hvort eitthvað hafi bent til að vopnum hafi verið beitt hafi þeim verið bent á múrstein sem hefði verið notaður, en lagt hafi verið hald á hann. Vitnið hafi rætt við brotþola og vitnið en ekki aðra. Ekki hafi vitnið rætt við ákærða, en lögreglumaður annar sem talað hafi við hann hafi sagt frá framburði sem vitnið hafi skráð. Staðfesti vitnið skýrslu sína.

Lögreglumaður 2447 (áður h1671) kvaðst fyrir dómi kannast við málið en haft þar litla aðkomu. Vitnið hafi verið með lögreglumanni 2027 á bíl vegna líkamsárásar. Þegar komið hafi verið á vettvang hafi brotþoli verið þar alblóðugur ásamt annarri konu. Vitnið hafi ekki rætt við brotþola en ljósmyndað á vettvangi. Síðan hafi hist fyrir áhöfn annars lögreglubíls sem hafi verið með hinn grunaða bak við Ráðhúsið. Síðan hafi verið rætt við brotþola á sjúkrahúsinu þegar hann hafi verið kominn þangað. Vitnið hafi ekki rætt við nefnda konu á vettvangi. Nefndi vitnið að talsverða ölvun brotþola og konunnar. Um hvort vopn eða áhöld hafi komið við sögu hafi þeim verið bent á hellustein sem að sögn þeirra á vettvangi hafi verið notaður til að lemja brotþola í höfuðið.

Lögreglumaður 2209 mundi fyrir dómi eftir tilkynningu um líkamsárás og að talað hefði verið við brotþola við Ráðhúsið. Síðan hafi verið leitað og rambað á mann ekki svo langt frá sem verið hafi blóðugur og passað við lýsingu sem þau hafi fengið. Hann hafi verið talsvert ölvuður. Mundi vitnið ekki eftir hvað hann hefði sagt þegar rætt var við hann, en hafi verið mjög blóðugur á höndum og í andliti. Vitnið mundi ekki sérstaklega

eftir því sem haft hefði verið eftir ákærða um að hann hafi beðið eftir leigubíl og að hann gæti hafa tekið upp stein og notað.

Í skýrslu lögreglumanns, þá nr. h1677, kvaðst hann lítið muna tilefni hennar. Hann hafi komið ásamt félaganum sínum á bak við Ráðhúsið. Þeir hafi séð mann, blóðugan í framan. Að öðru leyti mundi vitnið lítið eða ekki.

E, læknir, staðfesti fyrir dómi að hafa tekið saman vottorð sem yfirlækir á sjúkrahúsinu en hvorki tekið á móti brotþola né ákærða þar. F læknir hafi tekið á móti þeim. Svareði vitnið spurningum um vottorðið og að áverkar gætu passað við áverkalýsingu sem brotþoli er sagður hafa gefið við komu. Nefndi vitnið að áverkar gætu passað við sljóan hlut og aðspurður um hvort hellusteinn kæmi til greina að það gæti hafa verið einhvers konar hlutur með flötu yfirborði. Árásin væri samkvæmt vottorðinu nokkuð alvarleg miðað við hvar áverkarnir væru. Varðandi nefnbrot kvað vitnið að átt væri við að nefbein hafi virst hliðruð til hægri úr anatómískri stöðu. Svareði vitnið einnig spurningum varðandi vottorð um áverka ákærða um bólgur og fleiðrusár. Þá gæti skurður á augabrún samrýmst átökum og höggi með sljóum hlut sem gæti verið hættuleg á þessum stað. Ekki væri hægt að fullyrða um að hnúajárni hafi verið beitt án þess að gera um það sérstaka rannsókn.

F, læknir, kvaðst fyrir dómi hafa verið vakthafandi læknir á bráðamóttöku og tekið á móti brotþola sem komið hafi þangað eftir að hafa verið sleginn með múrsteini að hans sögn. Vitnið hafi sinnt honum um nóttina og pantað sneiðmyndatöku sem brotþoli hafi farið í eftir að hún hafi verið farin heim. Kvað vitnið brotþola hafa lýst því þannig að hafa verið sleginn með hellusteini. Ekki væri hægt að fullyrða miðað við áverka með hverju hann hefði verið sleginn.

#### IV.

Í málinu er ákærða gefið að sök að hafa aðfararnótt sunnudagsins 7. ágúst 2022 slegið brotþola, A, að minnsta kosti einu sinni með steinhellu í höfuðið. Með framburði ákærða sjálfs er sannað að hann tók upp hellusteinn þegar hann taldi ástæðu til að hafa afskipti af brotþola. Hins vegar neitaði ákærði því að hafa beitt steininum þótt hann hafi ætlað að ögra brotþola með honum. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir brotþola að maður sá

sem réðist á hann hafi slegið brotþola í andlitið með múrsteini, hann hafi lent í jörðinni og að maðurinn hefði slegið sig þar með sama múrsteini. Hafi brotþoli tvisvar eða þrisvar sinnum slegið sig beint í andlitið með múrsteininum. Þá er haft eftir B, sem brotþoli var í för með, að hún hefði séð ákærða taka upp múrstein og slá honum í höfuð brotþola. Brotþoli hefði fallið til jarðar og ákærði hafi haldið áfram að ráðast á brotþola þar sem hann lá. Í skýrslu brotþola hjá lögreglu kvaðst hann hafa orðið fyrir höggum ákærða og hann hefði varist árás ákærða og náð árasaraðilanum undir, en þetta hafi verið hnoð. Kvað brotþoli ákærða hafa verið með einhvern stein og að honum hefði verið beitt í atlögunni að sér, en kvað atburðinn frekar í móðu. Framburður B hjá lögreglu er áður rakinn en þar kvaðst hún ákærða hafa slegið brotþola með steini í höfuðið við gagnauga, öðru hvoru megin.

Fyrir er rakinn framburður B fyrir dómi en hann er að mati dómsins ekki afgerandi eða skýr um að ákærði hafi slegið brotþola í andlitið eða höfuð með steininum og þá hvernig. Fyrir dómi gat brotþoli ekki fullyrt um að ákærði hefði slegið sig með hellusteininum í höfuðið, en samkvæmt vitnisburði B var brotþoli ölvaður en samt skýr og þau átt í eðlilegum samskiptum. Í matsgerð vegna rannsóknar á blóðsýni brotþola er sagt að niðurstaða alkóhólmælingar sýni að hann hafi verið talsvert ölvaður.

Fyrir liggur upptaka af símtali B við Neyðarlínu og svo lögreglu. Heyrist hvar hún í fyrra samtalinu kveður menn vera að slást og einn með stein í hendi. Í símtali við lögreglu nefnir hún tvo menn, annan með stein sem sé að reyna að berja hinn og séu í fullum slag, annar sé búinn að lemja hinn í andlitið með einhverju grjóti, lýsir hvar annar sé á leið brott og hinn með skurð í andliti.

Meðal málsgagna er mynd af þeim hellusteini sem vísað er til í ákæru miðað við stærð en ekki liggur fyrir rannsókn á honum sérstaklega, t.d. um hvort blóð hafi fundist á honum. Læknisvottorð það sem fyrir liggur um komu á bráðamóttöku 7. ágúst 2022 er ekki afgerandi um að áverkar hafi hlotist af höggi á höfuð með hellusteini. Sama er að segja um framburði fyrrgreindra lækna fyrir dómi.

Með vísan til alls þessa og einkum framburðar brotþola er að mati dómsins ekki unnt að telja hafið yfir skynsaman vafa að sannað þyki gegn neitun ákærða að hann slegið

brotapola í höfuðið með hellusteini. Það telst hins vegar sannað að ákærði hafi átt upptök að átökum að tilefnislausu og komið höggum á brotapolu með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina. Áverkar brotapolu sem af hlutust og gætu hafa stafað af höggum eða því að brotapolu féll til jarðar í kjölfar þeirra eða við atlöguna voru nefbrot, blæðing undir húð og sár á enni auk sárs á eyra.

Með vísan til þessa alls verður brot ákærða ekki heimfært undir 2. mgr. 218. gr., heldur 1. mgr. 218. gr. vegna þeirra áverka sem brotapolu hlaut. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði þrisvar sætt refsingu, síðast árið 2016, en brot þau hafa ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Þykir hæfileg refsing ákærða vera fangelsi í þrjá mánuði skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir, en nokkur dráttur var á rannsókn málsins uns ákæra var gefin út.

Fallist er á að ákærði greiði brotapolu, A, miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og eru þær hæfilega ákveðnar 400.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða brotapolu málskostnað að fjárhæð 300.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Verður ekki fallst á að dæma auk málskostnaðar útlagðan kostnað eða fyrri lögmannsbókun eins og fram kemur í kórðu lögmanns brotapolu.

Ákærða verður samkvæmt 238. gr. laga nr. 88/2008 gert að greiða 2/3 alls sakarkostnaðar í málinu sem nemur í heild 20.288 krónum samkvæmt yfirliti og málsvarnarlaunum skipaðs verjanda ákærða 685.100 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts auk aksturskostnaðar að fjárhæð 32.712 krónum. Samtals nemur sakarkostnaður því 738.100 krónum. Verður ákærða því gert að greiða sakarkostnað að fjárhæð 492.066 krónur en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Hlynur Ingi Bragason, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. ágúst 2022 til 15. mars 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði A 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 2/3 hluta sakarkostnaðar að fjárhæð 492.066 krónur, þar af 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ólafs V. Thordersen, lögmanns, sem í heild nema 685.100 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og 2/3 hluta ferðakostnaðar hans sem í heild nema 32.712 krónum. Að öðru leyti greiðst sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Einar Karl Hallvarðsson